

Verklagsferill ef upp kemur grunur um vanrækslu eða einhvers konar brot gegn barni

- Ef kviknar grunur hjá starfsmanni þá er málið rætt innan deildar ásamt leikskólastjóra
- Ef um vanrækslu er að ræða þá er rætt við foreldra (stundum þurfa foreldrar fræðslu)
- Gefin tími til úrbóta í samráði við leikskólastjóra.
- Leikskólastjóri tilkynnir til barnaverndarnefndar ef þarf.

Ef upp kemur grunur um einhvers konar brot gegn barni þarf að meta hvert tilvik fyrir sig. Ef um vanrækslu er að ræða þá þarf að boða foreldra í viðtal, benda þeim á það sem er að og gefa þeim tækifæri á að lagfæra það. Í viðtalinu er foreldrum gerð grein fyrir því að ef hlutirnir lagast ekki á þessum tíma þá muni leikskólastjóri tilkynna til barnaverndar.

Ef grunur leikur á að um líkamlegt ofbeldi sé að ræða þá er tilkynnt beint til barnaverndar, foreldrar eru ekki boðaðir á fund.

Leikskólastjóri tilkynnir alltaf fyrir hönd leikskólans.

Ef við sjáum að börn eru ekki spennt í bílbelti eða eru ekki í viðurkenndum öryggisbúnaði í bílum þá er sjálfsagt mál að benda foreldrum á að þeim beri skylda til að spenna börn í bíla. Ef starfsfólk treystir sér ekki til að benda foreldrum á þetta þá koma þeir til leikskólastjóra sem ræðir við foreldra.

Menningarmunur getur haft eitthvað segja. Það er í okkar verkahring að benda erlendu fólki á þau lög og reglur sem gilda hér á landi.